

Hvalfjarðarsveit
Jökull Helgason
Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes

Reykjavík, 31. janúar 2023
UST202212-229/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Vegir í náttúru Íslands - Hvalfjarðarsveit

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 23. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að vegaskrá sbr. reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands, í Hvalfjarðarsveit.

Grunnafjörður

Engir vegir eru skilgreindir innan friðlands Grunnafjarðar¹. Nokkrir vegir liggja þó að friðlandinu og í jaðri þess og samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélaginu eru þeir fyrst og fremst nýttir af landeigendum og sem reiðleiðir. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þá vegi.

Umhverfisstofnun bendir á að með umsögn þessari er stofnunin ekki að samþykkja vegi innan náttúru Íslands skv. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Notkun

Umhverfisstofnun bendir á að æskilegt er að notkun á vegunum séu skilgreind nánar í samræmi við 4. gr. reglugerðarinnar, en þar segir: *Vegina skal einnig flokka eftir heimild til notkunar í opna vegi og vegi með takmarkaða notkun. Sé um að ræða veg með tímabundna og/eða takmarkaða notkun skal tilgreint sérstaklega það tímabil sem heimilt er að nota veg og í hvaða tilgangi sé heimilt að nota veginn, s.s. við smalamennsku, veiði, eftirlit og viðhald orku- og veitumannvirkja eða rannsóknir.*

Einnig þarf að yfirfara hvort halda þurfi inni aflagða vegi eins og HS74.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vesturland/grunnafjordur/>